

almennra kosninga. Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 300.00 til skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Ólafssonar hrl.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Byron Guðmundsson, sæti fangelsi í 60 daga. Hann skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 300.00 til skipaðs verjanda síns, Ragnars Ólafssonar hrl.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 16. maí 1952.

Nr. 161/1948. Sigurður Marinósson (Theódór B. Lindal)
gegn

Ársæli Sveinssyni (Gunnar Þorsteinsson).

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Axel O. Ólafsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. nóvember 1948, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. desember s. á. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 8472.73 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. janúar 1948 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stjórnandi vörubifreiðarinnar V 35, sem stefndi er eigandi að, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi verið staddur með bifreiðina á svonefndri Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum að kvöldi þess 2. ágúst 1945, þegar nafngreindur lögreglumaður hafi beðið hann um að aka þremur stúlkum og íarangri þeirra inn í Herjólfssdal. Kveðst hann hafa tjáð lögreglumanninum, að hann hefði ekki umráð bifreiðarinnar, en

sonur stefnda, sem þar var staddur, hafi þá sagt, að hann mætti flytja stúlkurnar, ef hann vildi, þar sem vinnutíma hans væri lokið. Lofaði bifreiðarstjórinn þá að sækja stúlkurnar og farangur þeirra eftir skamma stund. Er hann kom aftur á vettvang, kveðst hann hafa séð nokkra pilta hjá stúlkunum, en hvorki þeir né aðrir hafi beðið um flutning á þeim. Farangur stúlnanna hafi síðan verið settur á bifreiðarpallinn, ein stúlkann hafi tekið sér sæti í bifreiðarskýlinu, en tvær farið upp á pallinn. Að svo búnu kveðst bifreiðarstjórinn hafa ekið af stað, enda hafi sér verið með öllu ókunnugt um, að nokkrir aðrir hefðu tekið sér far með bifreiðinni.

Örskömmu síðar var bifreiðarstjóranum gefið merki um að stöðvast, og kom þá í ljós, að þrír piltar höfðu einnig verið á palli bifreiðarinnar og tveir þeirra dottið af, er bifreiðin tók þeygju. Annar þessara pilta, áfrýjandi málsins, hlaut nokkur meiðsl við fallið, og hefur hann í máli þessu krafðið stefnda, eiganda bifreiðarinnar V 35, fébóta fyrir tjón vegna slyssins, sem hann telur bifreiðarstjóran eiga sök á með ógætilegum akstri.

Áfrýjandi kveðst í umrætt skipti hafa verið staddur ásamt tveimur öðrum piltum á Básaskersbryggju og aðstoðað við að koma farangri stúlnanna á pall bifreiðarinnar V 35. Kveðst áfrýjandi því næst hafa ætlað að halda burtu, en að beiðni eins piltanna hafi hann látið til leiðast að fara með bifreiðinni. Hafi hann þá farið upp á pall hennar, en áður en hann hafi náð taki á handfangi á stýrishúsinu, hafi bifreiðinni verið ekið af stað með þeim hætti, að hann hafi dottið af og slasast.

Gegn eindregnum mótmælum bifreiðarstjórans á V 35 er ósannað, að hann hafi leyft áfrýjanda að taka sér far með bifreiðinni í umrætt skipti eða að hann hafi vitað um, að áfrýjandi tók sér þar far. Að sögn bifreiðarstjórans annaðist hann nefndan akstur í greiðaskyni, án þess að taka nokkra borgun fyrir, og hefur þeirri skýrslu ekki verið hnekkt. Getur áfrýjandi því ekki byggt rétt til fébóta úr hendi stefnda á ákvæðum 1. málsg. 34. gr. laga nr. 23/1941, sbr. 2. málsg. sömu gr. Bifreiðarstjórinn á V 35 var ekki í þjónustu stefnda, er slysið varð, og á því fébótakrafa áfrýjanda á hendur stefnda

heldur ekki stoð í öðrum réttarreglum. En þar sem málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað, verður að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í Hæstarétti fali niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 24. marz 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. f. m., hefur Marinó Jónsson, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja f. h. Sigurðar Marinóssonar, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 22. jan. s.l., birtri 2. febr. s.l. og 10. febr. s.l., gegn Ársæli Sveinssyni, Vestmannabraut 68, hér, og Carli Finsen f. h. Trolle & Rothe h/f, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 8.472.73, ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar, er nemur samkvæmt framlögðum reikningi kr. 1.152.00.

Málavextir eru þeir, að þann 2. ágúst 1945 var Sigurður Marinósson staddur niðri á Básaskersbryggju ásamt öðru fólki. Fékk Jóhannes J. Albertsson lögregluþjónn bifreiðarstjórnann á V 35, Þórarín Eyvindsson, til þess að aka inn í Herjólfssdal með þrjár stúlkur og þrjá pilta, og var Sigurður einn þeirra. Tveir af piltunum og stúlkurnar þrjár höfðu þá um daginn komið til Eyja með v/b Gísla Johnsen til þess að vera hér um þjóðhátíðina. Höfðu þau nokkurn farangur meðferðis og komu honum fyrir á vörupalli V 35. Fór fólkið síðan upp í bilinn, og stóðu stúlkurnar og einn pilturinn frammi við stýrishúsið og héldu sér í spöng, sem til þess er gerð, en tveir piltarnir, og var Sigurður annar þeirra, urðu lítið eitt of seinir og voru ekki búnir að ná handfestu, þegar bifreiðin ók af stað, og varð afleiðingin sú, að þeir dattu báðir út af vörupallinum, þegar bifreiðin ók af stað. Meiddist Sigurður töluvert, vinstra viðbeinið var þverbrotið, og hann mun hafa fengið heilahristing. Var hann lengi frá vinnu, en hann var ráðinn í vinnu við fyrirhleðslu hjá Stóra-Dímon.

Skaðabótakröfu sína hefur stefnandi sundurliðað þannig:

Atvinnutjón	kr. 3.170.30
Læknishjálp	— 302.43
Bætur fyrir þjáningar og óþægindi	— 5.000.00

Alls kr. 8.472.73

Stefndi hefur hvorki mætt né mæta látið, og er honum þó löglega stefnt. Verður málið því dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum í samræmi við 118. grein einkamálalaganna.

Rétturinn lítur svo á, að bifreiðarstjórinn á V 35, Þórarinn Eyvindsson, hafi ekki sýnt þá varkárni, sem honum bar, með því að fara eins skyndilega af stað og hann gerði og án þess að láta farþegana á vörupallinum vita. Hins vegar lítur rétturinn svo á, að Sigurður Marinósson hafi sýnt af sér óvarkárni með því að gæta sín ekki betur á vörupallinum en hann gerði, og eigi hann því sjálfur nokkra sök á slysi því, er hann varð fyrir.

Með tilvísun til þessa svo og annars, sem fram er komið í málinu, þykir rétt að telja ökumann V 35 eiga sök á tjóninu að $\frac{1}{2}$ hluta, en Sigurð að $\frac{1}{2}$ hlutum.

Rétt þykir að lækka kröfu stefnanda um bætur fyrir þjáningar og óþægindi niður í kr. 2.500.00, en aðrar kröfur hans verði teknar til greina að fullu. Verður stefnukrafa því lækkuð um kr. 2.500.00 eða niður í kr. 5.972.70.

Samkvæmt framansögðu ber stefnda að bæta stefnanda $\frac{1}{2}$ hluta þeirrar fjárhæðar eða kr. 1.990.91 (sbr. 3. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna).

Þá þykir rétt, að stefndi greiði málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 450.00. Dómsuppkvaðning hefur dregið nokkuð vegna embættisanna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Ársæll Sveinsson, greiði stefnanda, Marinó Jónssyni f. h. Sigurðar Marinóssonar, kr. 1.990.91 með 6% ársvöxtum frá 22. janúar 1948 til greiðsludags og kr. 450.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. maí 1952.

Nr. 139/1951. **Ákærvaldið** (Sigurgeir Sigurjónsson)
 gegn
Einari Einarssyni (Ragnar Jónsson).

Bifreiðarslys. Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Alfred Gíslason bæjarfógeti kvað upp héraðsdóminn.

Barnið, sem varð undir bifreið ákærða, var að leik í húsa-sundi því, er ákærði ók inn í. Eins og lýst er í héraðsdómi, gat